

## Afgreiðslufundur

Ár 2024 þriðjudaginn 7. maí, kl. 9:00 var haldinn 1771. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Rósa Magnúsdóttir, Jón Ragnar Gunnarsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

- Lögð fram umsókn DTA2 ehf., kt. 570423-1690, dags. 1. maí 2024, um starfsleyfi fyrir söluturn með forpökkuðum matvælum (DÍNÓ) að Grensásvegi 50, F2033690, rými 01 0101. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, kt. 410169-4369, dags. 22. mars 2024, um starfsleyfi fyrir matvöruverslun með smásölu áfengis (Vínbúðin Álfabakka) að Álfabakka 6, F2517191, rými 01 0104. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Íslandshótela ehf., kt. 630169-2919, dags. 19. janúar 2024, um starfsleyfi fyrir gististað; hótél með veitingastað, líkamsræktaraðstöðu, baðstofu og fótalaug (Hótél Reykjavík Saga) að Lækjargötu 12, F2002758 og F2002769. Breyting á húsnæði.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði, Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði og Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir baðstofur.*
- Lögð fram umsókn Mílu hf., kt. 460207-1690, dags. 2. maí 2024, um skráningu á niðurrifi á húsnæði við Grensásveg 31, F2261562, rými 01 0101, sbr. samþykktu byggingarleyfisumsókn nr. USK24040039. Ný starfsemi.  
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.* Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest.*
- Lögð fram umsókn Háskólabíós, kt. 600169-1309, dags. 26. apríl 2024, um starfsleyfi fyrir samkomustað, kennslustað, kvikmyndahús og söluturn með forpökkuðum matvælum (Háskólabíó) við Hagatorg, F2028404. Breytingar á starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði og Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir skóla og kennslustaði ætluðum börnum eða fullorðunum 6 eða fleiri.* Rekstraraðila er heimilt með vísan til 10 gr. *reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða* að víkja frá hávaðamörkum í töflu 5 í reglugerðinni, á einstökum atburðum í tónleikasölum. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirlitinu um slíka atburði.
- Lögð fram umsókn Reykjavík Ink ehf., kt. 710117-0710, dags. 26. apríl 2024, um tímabundið starfsleyfi fyrir húðflúrráðstefnu (Icelandic tattoo convention) að Ingólfsstræti 2A, F2004314, rými 01 0101.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi frá 31. maí til 2. júní 2024 með *Sértækum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, fyrir Húðflúrráðstefnu Reykjavík Ink, í Gamla Bíói að Ingólfsstræti 2A þann 31. maí til 2. júní 2024.*

7. Lögð fram umsókn Borghildar ehf., kt. 500616-0320, dags. 10. apríl 2024, um tímabundið starfsleyfi fyrir kvikmyndatökum í Rauðhólum, á öryggissvæði fyrir grunnvatn og öryggissvæði fyrir yfirborðsvatn á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi þann 10. maí 2024 með *Sértækum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir kvikmyndatökur Borghildar ehf. við Rauðhóla og Almennum skilyrðum fyrir mengandi starfsemi.* Starfsleyfi gefið út í samræmi við ákvæði *Samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555/2015.*

8. Lögð fram umsókn Veitna ohf., kt. 501213-1870, dags. 16. apríl 2024, um tímabundið starfsleyfi fyrir greftri leitarhola meðfram aðalæð vatnsveitu í Heiðmörk á milli Gvendarbrunna og Suðurlandsveggar til að leita að 6" kaldavatsnlögn.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi frá 7. maí til 31. júlí 2024 með *Sértækum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir Veitur ohf. vegna greftrar á leitarholum meðfram aðalæð vatnsveitu milli Gvendarbrunna og Suðurlandsveggar og Almennum skilyrðum fyrir mengandi starfsemi.* Starfsleyfi gefið út í samræmi við ákvæði *Samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555/2015.*

9. Lögð fram umsókn Fjarlækninga ehf., kt. 480922-0340, dags. 1. september 2023, um starfsleyfi fyrir læknaþjónustu vegna fjarlækningaþjónustu (Fjarlækningar) að Lág múla 5, F2012613, rými 010402. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir heilbrigðisþjónustu og meðferðastofnanir.*

### **Fundi slitið 10:30**

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Rósa Magnúsdóttir